

# Kattatrygging

## Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 219 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

### Hvers konar trygging er þetta?

Kattatrygging er samsett trygging sem innifelur líf- og sjúkrakostnaðar- og ábyrgðartryggingu.



#### Hvað er tryggt?

##### Líftryggingin greiðir bætur:

- ✓ Ef köttur deyr af völdum sjúkdóms, meiðsla, eða ef aflífa þarf hann af þeim sökum samkvæmt úrskurði

##### Sjúkrakostnaðartrygging bætir kostnað vegna:

- ✓ Dýralæknismeðferðar.
- ✓ Lyfja.
- ✓ Nauðsynlegra rannsókna, s.s. röntgen-mynda, hjartalínurita og vefjarannsóknar.

##### Ábyrgðartrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Skaðabótaskyldu sem fellur á eiganda kattar samkvæmt íslenskum lögum.



#### Hvað er ekki tryggt?

##### Líftrygging greiðir ekki bætur:

- × Vegna meiðsla og sjúkdóma sem komu upp áður en tryggingin tók gildi eða innan 30 daga frá gildistöku hennar.
- × Ef aflífa þarf kött vegna árásargirni, mjaðma-loss, arfgengra sjúkdóma eða boðs yfirvalda.

##### Sjúkrakostnaðartrygging bætir ekki kostnað vegna:

- × Meiðsla og sjúkdóma sem komu upp áður en tryggingin tók gildi eða innan 30 daga frá gildistöku hennar.
- × Geldingar eða ófrjósemisaðgerða ef lækni telur ekki þörf á aðgerðinni.

##### Ábyrgðartrygging bætir ekki:

- × Tjón sem fjölskylda þess sem sér um köttinn verður fyrir.
- × Tjón sem rekja má til þess að ekki er farið að lögum og reglum um dýrahald.



#### Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Líftrygging greiðir ekki bætur vegna smitandi lífhimnubólgu (FIP) ef kötturinn hefur verið tryggtur hjá Sjóvá í minna en í eitt ár.



#### Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á Íslandi.



#### Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. þeirri að bólusetja köttinn við þeim sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja.



## Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum



## Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



## Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.